

# Umhverfisstefna Hvalfjarðarsveitar

---

Hvalfjarðarsveit vill vera í fremstu röð meðal sveitarfélaga á Íslandi í umhverfismálum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Þannig vill sveitarfélagið gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða, bæði fyrir núverandi og komandi kynslóðir.

Hvalfjarðarsveit leitast ávallt við að fylgja ákvæðum alþjóðlegra og innlendra samþykktu og áætlana, auk þess sem fylgt er öllum lögum, reglugerðum og samþykktum sem varða starfsemi sveitarfélagsins. Sveitarfélagið hefur græn gildi að leiðarljósi í allri starfsemi sinni og reynir að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af henni. Það beitir fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra auðlinda, og hvetur fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklinga til að fylgja því fordæmi og bæta frammistöðu sína á þessum sviðum.

Hvalfjarðarsveit vinnur að stöðugum úrbótum á eigin frammistöðu í umhverfislegu, efnahagslegu og félagslegu tilliti og hefur þess vegna sett sér eftirfarandi umhverfisstefnu:

## 1. Stjórnsýsla

### STEFNA

Stjórnsýsla Hvalfjarðarsveitar sé fagleg og byggð á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar

### MARKMIÐ

**1.1. Hvalfjarðarsveit orðlögð innan sveitar sem utan fyrir faglega stjórnsýslu og áherslu á sjálfbæra þróun**

### AÐGERDIR

#### **1.1.1. Fræðsla um umhverfismál fyrir sveitarstjórnarmenn**

Haldin verði námskeið um umhverfismál og sjálfbæra þróun í byrjun kjörtímabils og eftir atvikum síðar á kjörtímabilinu fyrir fulltrúa í sveitarstjórn og fagnefndum með það að markmiði að auðvelda þeim að taka ákvarðanir með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Á námskeiðunum verði sérstaklega fjallað um loftslagsbreytingar og viðbrögð við þeim.

**Ábyrgð:** Skrifstofa Hvalfjarðarsveitar

**Tímasetning:** Innan 6 mánaða eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar og að minnsta kosti einu sinni síðar á kjörtímabilinu.

#### **1.1.2. Opin stjórnsýsla, reglulegir fundir með virkri þátttöku íbúa**

Kannaðir verði möguleikar á að opna stjórnsýslu sveitarfélagsins enn frekar. Þessi skoðun beinist m.a. að miðlun upplýsinga til íbúa í gegnum heimasíðu, fréttabréf o.þ.h.;

möguleikum íbúa á að koma hugmyndum og ábendingum á framfæri t.d. í rafrænni íbúagátt og skipulagningu reglubundinna funda með virkri þátttöku íbúa.

**Ábyrgð:** Sveitarstjóri

**Tímasetning:** Samantekt um möguleika til úrbóta lögð fyrir sveitarstjórn í síðasta lagi 1. maí 2018.

**1.1.3. Umhverfisáhrif einstakra verkefna tilgreind í samþykktri fjárhagsáætlun**  
Í samþykktri fjárhagsáætlun verði fjallað um umhverfisáhrif einstakra verkefna, þ.m.t. áhrif á kolefnisspor sveitarfélagsins.

**Ábyrgð:** Skrifstofa Hvalfjarðarsveitar

**Tímasetning:** Í fyrsta sinn í samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2019.

**1.1.4. Athugun á möguleikum á umhverfissvottun sveitarfélagsins**

Gerð verði úttekt á kostum þess og göllum að sækjast eftir umhverfissvottun fyrir sveitarfélagið, t.d. samkvæmt staðli Earth Check fyrir samfélög. Í úttektinni verði einnig horft til möguleika sem felast í notkun staðalsins ISO 37101 (Sustainable development in communities).

**Ábyrgð:** Sveitarstjóri og umhverfisfulltrúi.

**Tímasetning:** Fyrir 1. sept. 2018

## MARKMIÐ

### **1.2. Umhverfisvæn vara og þjónusta í forgangi í innkaupum sveitarfélagsins**

#### ADGERDIR

**1.2.1. Sameiginleg innkaup stofnana sveitarfélagsins**

Kannaðir verði möguleikar á að innkaup stofnana sveitarfélagsins verði sameiginleg í meiri mæli en nú er og hvort slíkt fyrirkomulag gæti aukið vægi umhverfismerktar vöru og þjónustu og stuðlað að hagstæðari kjörum.

**Ábyrgð:** Skrifstofa Hvalfjarðarsveitar

**Tímasetning:** Fyrir 1. ágúst 2018

**1.2.2. Fræðsla um græn innkaup fyrir þá sem sinna innkaupum fyrir sveitarfélagið**

Þeir sem sinna innkaupum fyrir sveitarfélagið fái sérstaka fræðslu um möguleikana á að taka tillit til umhverfissvottana og annarra upplýsinga um umhverfisþætti vöru og þjónustu við innkaup.

**Ábyrgð:** Skrifstofa Hvalfjarðarsveitar

**Tímasetning:** Fyrir 1. sept. 2018

## 2. Atvinnulíf

### STEFNA

Fyrirtæki í Hvalfjarðarsveit dragi eins og mögulegt er úr neikvæðum áhrifum sínum á umhverfið og upplýsi íbúa um umhverfispætti í rekstrinum

### MARKMIÐ

#### 2.1. Atvinnulíf í sátt við náttúru og samfélag

### AÐGERÐIR

#### 2.1.1. Samstarf við Faxaflóahafnir um grænar áherslur í starfsemi, uppbyggingu og þróun athafnasvæðisins á Grundartanga

Fylgt verði eftir sameiginlegri yfirlýsingu Hvalfjarðarsveitar og Faxaflóahafna um grænar áherslur í þróun athafnasvæðisins á Grundartanga. Í sameiginlegri stefnumótun aðila verði sérstök áhersla lögð á að skilgreina hvaða skilyrði ný starfsemi þurfi að uppfylla til að geta fengið úthlutað lóð á svæðinu. Þær áherslur sem fram koma í umhverfisstefnu Hvalfjarðarsveitar verði hafðar að leiðarljósi í samstarfinu við Faxaflóahafnir.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn og umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd

**Tímasetning:** Sameiginleg stefna um skilmála fyrir nýja atvinnustarfsemi á Grundartanga liggja fyrir í síðasta lagi 1. júní 2018

#### 2.1.2. Úttekt á hljóðvist

Gerð verði úttekt á hljóðvist í sveitarfélaginu með sérstakri áherslu á hljóðvist í þéttbýliskjörnum, í námunda við þjóðveg og í námunda við iðnaðarsvæðið á Grundartanga. Niðurstöðum úttektar fylgi tillögur til úrbóta á þessu sviði, svo sem með uppsetningu hljóðmana, takmörkunum á starfsemi sem getur spillt hljóðvist í þéttbýli, krafna til rekstraraðila um takmörkun hávaða frá starfseminni o.s.frv. Markmið úrbóta verði að Hvalfjarðarsveit sé kyrrlátt dreifbýli þar sem hávaði frá starfsemi og umferð veldur sem minnstu ónæði og þar sem heimafólk og gestir geti notið kyrrðar og náttúruhljóða.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn

**Tímasetning:** Fyrir 1. Okt. 2018

#### 2.1.3. Lágmrökun ljósmengunar

Gerð verði úttekt á ljósmengun í sveitarfélaginu, svo sem frá Brennimel og iðnaðarsvæðinu á Grundartanga. Niðurstöðum úttektar fylgi tillögur til úrbóta á þessu sviði. Markmið úrbóta verði að heimafólk og gestir geti upplifað myrkur og séð stjörnuþjartan himinn og norðurljós þegar veðuraðstæður leyfa.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn

**Tímasetning:** Fyrir 1. sept. 2018

#### 2.1.4. Samstarf um umhverfivöktun

Leitað verði eftir samstarfi við Faxaflóahafnir og við fyrirtæki á athafnasvæðinu á Grundartanga um aukna aðkomu sveitarfélagsins að umhverfivöktun svæðisins með

Það að leiðarljósi að íbúar geti fylgst með loftgæðamælingum í rauntíma og þannig gengið úr skugga um að loftmengun og aðrir mengunarþættir í íbúabyggð séu ævinlega innan heilbrigðismarka. Liður í þessu verkefni verði að efla mengunarmælingar í útjaðri Melahverfis.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn og USN-nefnd

**Tímasetning:** Fyrir 1. júní 2018

### **2.1.5. Nýsköpun í atvinnulífi í anda græns hagkerfis**

Gerð verði úttekt á atvinnutækifærum í sveitarfélaginu í anda græns hagkerfis, m.a. m.t.t. tillagna sem settar voru fram árið 2011 í skýrslu Alþingis um eflingu græns hagkerfis á Íslandi. Jafnframt verði kannaðir möguleikar aðila á styrkjum vegna verkefna af þessum toga.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn

**Tímasetning:** Fyrir 1. febrúar 2019

## **MARKMIÐ**

### **2.2. Umhverfisvæn ferðaþjónusta**

#### **AÐGERÐIR**

##### **2.2.1. Hvatning til aðila í ferðaþjónustu til að afla sér umhverfisvottunar**

Mismunandi valkostir í umhverfisvottun ferðaþjónustufyrirtækja kynntir fyrir aðilum í ferðaþjónustu og þeir hvattir til að afla sér vottunar. Gefinn verði út einfaldur bæklingur (t.d. fjórblöðungur) þar sem helstu valkostir eru kynntir og honum fylgt eftir á fundi með aðilum í greininni.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn

**Tímasetning:** Fyrir 1. maí 2019

## **MARKMIÐ**

### **2.3. Umhverfisvænn landbúnaður**

#### **AÐGERÐIR**

##### **2.3.1. Kynning á kostum lífrænnar framleiðslu**

Kynningarfundur fyrir bændur þar sem kynntar verða umhverfisvænar starfsaðferðir í landbúnaði, svo og kostir lífrænnar framleiðslu, bæði m.t.t. tekjumöguleika og umhverfisverndar. Þar verði m.a. farið yfir stöðu og horfur varðandi aðlögunarstyrki, markaðshorfur og reynslu framleiðenda af lífrænni vottun. Auk þess fái bændur almenna fræðslu í umhverfis- og ásýndarmálum.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn og landbúnaðarnefnd

**Tímasetning:** Fyrir 1. mars 2019

##### **2.3.2. Yfirlýsing um þaueldi**

Yfirlýsing sveitarstjórnar um að ekki verði gert ráð fyrir frekara þaueldi í sveitarfélaginu og að þessi stefna muni m.a. endurspeglast í afgreiðslu aðal- og

deiliskipulagstillagna, umfjöllun um starfsleyfistillögur o.s.frv. Með þauleldi er hér átt við starfsemi sem fellur undir tölulið 6.6 í 1. viðauka reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, þ.e. stöðvar þar sem þauleldi alifugla eða svína fer fram með fleiri en 40.000 stæði fyrir alifugla, 2.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg), eða 750 stæði fyrir gyltur.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn

**Tímasetning:** Fyrir 1. júní 2018

## 3. Landnýting

### STEFNA

Áhersla verði lögð á góða umgengni og nýtingu lands þar sem mengun og neikvæð umhverfisáhrif eru í lágmarki

### MARKMIÐ

#### 3.1. Umhverfisröskun vegna framkvæmda í sveitarfélaginu í lágmarki

### AÐGERÐIR

#### 3.1.1. Kortlagning landnýtingar/landbúnaðarlands

Landnýting í sveitarfélaginu verði kortlögð, einkum með tilliti til eftirtalinna þátta:

- Beitiland og nýting þess
- Votlendi, óraskað og framræst
- Rofsvæði (land- og sjávarrof)
- Efnistökusvæði
  - Gildistími framkvæmdaleyfa
  - Frágangur fullnýttra svæða

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn

**Tímasetning:** Fyrir 1. maí 2018

#### 3.1.2. Aðgerðaáætlun um landnýtingu

Á grundvelli kortlagningar á landnýtingu verði gerð tímasett aðgerðaáætlun sem miðar að því að koma í veg fyrir frekari röskun umhverfis og bæta úr því sem aflaga hefur farið. Aðgerðaáætlunin feli í sér tillögur

- til að koma í veg fyrir að beitiland sé nýtt umfram beitarþol,
- um endurheimt votlendis þar sem aðstæður leyfa,
- um uppgræðslu rofsvæða,
- um endurskoðun eða uppfærslu starfsleyfa vegna efnistöku,
- um frágang fullnýttra efnistökusvæða.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn og umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd

**Tímasetning:** Samhliða endurskoðun aðalskipulags

## 4. Vatn

### STEFNA

Grunnvatni sé ekki spillt í sveitarfélaginu og nægt grunnvatn varðveitt til framtíðarnota

### MARKMIÐ

#### 4.1. Vatnsvernd og hófsöm nýting neysluvatns

### AÐGERÐIR

#### 4.1.1. Flokkun grunnvatns og yfirborðsvatns

Grunnvatn og yfirborðsvatn í öllu sveitarfélaginu flokkað með tilliti til ástands þess og notagildis.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn og umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd

**Tímasetning:** Samhliða endurskoðun aðalskipulags

#### 4.1.2. Bætt nýting og verndun vatnsbóla

Gerð verði úttekt á nýtingu neysluvatns í sveitarfélaginu og mótaðar tillögur sem miða að því að vatnsverndarsvæði verði ekki fyrir meira álagi en orðið er. Jafnframt verði unnið að því að gott neysluvatn verði ekki notað í iðnaðarstarfsemi þar sem ekki þarf að gera ýtrustu kröfur um vatnsgæði. Tillögur um síðarnefnda atriðið verði unnar í samstarfi við Faxaflóahafnir, (sbr. einnig aðgerð 2.1.1).

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn og veitunefnd (mannvirkjanefnd)

**Tímasetning:** Fyrir 1. okt. 2018

## 5. Náttúruverðmæti

### STEFNA

Náttúruvernd og góð umgengni um náttúruna verði leiðarstef í allri umræðu og stefnumótun á vegum Hvalfjarðarsveitar

### MARKMIÐ

#### 5.1. Náttúruvernd í verki

### AÐGERÐIR

#### 5.1.1. Náttúruverndaráætlun fyrir Hvalfjarðarsveit

Unnin verði sérstök náttúruverndaráætlun fyrir Hvalfjarðarsveit, þar sem m.a. verði tilgreind þau svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt X. kafla laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, svo og svæði og náttúruminjar á náttúruminjaskrá skv. 33. gr. sömu laga, auk annarra svæða og náttúruyfyrirbæra sem heimamönnum þykir ástæða til að njóti verndar. Í áætluninni verði ákvæði um sérstaka aðgát vegna framkvæmda í grennd við svæði á náttúruminjaskrá. Við gerð áætlunarinnar verði sérstaklega kannaðir möguleikar á að fjölga friðlýstum svæðum í sveitarfélaginu. Áætlunin verði þannig sett fram og kynnt að hún verði aðgengileg íbúum Hvalfjarðarsveitar og gestum sveitarfélagsins. Jafnframt verði kynntur réttur almennings til að njóta útivistar í náttúrunni með áherslu á jákvæð áhrif útivistar á lýðheilsu.

**Ábyrgð:** Umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd

**Tímasetning:** Fyrir 1. júní 2018

#### 5.1.2. Verndun birkiskóga

Teknar verði saman upplýsingar um náttúrulega birkiskóga í Hvalfjarðarsveit og um mikilvægi þeirra á landsvísu. Þetta verði byggt á kynningarriti Skógræktarinnar. Lögð verði sérstök áhersla á mikilvægi þess að ekki verði gengið frekar á náttúrulega birkiskóga í sveitarfélaginu, hvorki með mannvirkjagerð né með öðrum hætti, þ.m.t. með gróðursetningu eða sáningu erlendra plöntutegunda í og við skógana, þannig að vistkerfi og ásýnd skóganna verði fyrir sem minnstri röskun.

**Ábyrgð:** Umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd

**Tímasetning:** Fyrir 1. okt. 2018

#### 5.1.3. Stofnun fólkvanga

Kannaðir möguleikar á stofnun fólkvanga í Hvalfjarðarsveit.

**Ábyrgð:** Umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd

**Tímasetning:** Fyrir 1. júní 2018



## MARKMIÐ

### 5.2. Grunnafjörður miðpunktur náttúrufræðslu

## AÐGERÐIR

#### 5.2.1. Náttúrufræðsla við Grunnafjörð

Leitað verði samstarfs við landeigendur við Grunnafjörð, svo og við rannsóknarstofnanir, og í framhaldinu unnar tillögur um frekari nýtingu Grunnafjarðar til fræðslu um náttúruvernd, jafnt fyrir unga sem aldna og heimamenn sem gesti, samtímis því sem þess er sérstaklega gætt að náttúruverndargildi fjarðarins sé ekki raskað.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn og umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd

**Tímasetning:** Fyrir 1. ágúst 2018

## 6. Menningarminjar

### STEFNA

Verndun menningarminja verði leiðarstef í allri umræðu og stefnumótun á vegum Hvalfjarðarsveitar

### MARKMIÐ

#### 6.1. Verndun menningarminja

### AÐGERÐIR

#### 6.1.1. Áætlun um verndun menningarminja

Unnin verði sérstök áætlun um verndun menningarminja í Hvalfjarðarsveit. Fornleifaskráning liggja til grundvallar áætluninni. Í áætluninni verði m.a. skilgreind þau svæði sem njóta sérstakrar verndar, auk annarra minja sem heimamönnum þykir ástæða til að njóti verndar.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn og menningarmálanefnd

**Tímasetning:** Fyrir 1. maí 2019

## 7. Menntun

### STEFNA

Íbúar í Hvalfjarðarsveit, ungir sem aldnir, hafi aðgang að upplýsingum og fræðslu um umhverfismál og sjálfbæra þróun

### MARKMIÐ

#### 7.1. Grænfánar í skólum sveitarfélagsins

### AÐGERÐIR

##### 7.1.1. Grænfanavæðing skóla

Áfram verði unnið markvisst að umhverfisverkefnum í Skýjaborg og Heiðarskóla undir formerkjum Grænfanaverkefnisins.

**Ábyrgð:** Fræðslu- og skólanefnd og skólastjórnendur

**Tímasetning:** Alltaf í gangi

### MARKMIÐ

#### 7.2. Umhverfisfræðsla fyrir fullorðna

### AÐGERÐIR

##### 7.2.1. Símenntun um umhverfismál

Íbúum Hvalfjarðarsveitar verði reglulega boðið upp á fræðslu í umhverfismálum, svo sem um flokkun úrgangs, jarðgerð, aðra endurvinnslu, matjurtarækt og loftslagsmál. Fræðslan verði t.d. veitt með hefðbundnum námskeiðum í samvinnu við Símenntunarmiðstöð Vesturlands, með dreifingu prentaðs upplýsingaefnis og með lifandi upplýsingum um umhverfismál á heimasíðu sveitarfélagsins.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn og umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd

**Tímasetning:** Frá og með árinu 2018

## 8. Samgöngur

### STEFNA

Sjálfbær þróun og öryggi íbúa séu í fyrirrúmi við þróun og uppbyggingu samgöngumannvirkja í Hvalfjarðarsveit

### MARKMIÐ

#### 8.1. Umhverfissvænni samgöngur

### AÐGERÐIR

##### 8.1.1. Uppbygging hleðslustöðva

Leitað samstarfs við orkufyrirtæki eða aðra aðila um uppsetningu 32A hleðslustöðva fyrir rafbíla í sveitarfélaginu.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn

**Tímasetning:** Fyrir 1. maí 2018

##### 8.1.2. Rafvæðing ökutækja á vegum sveitarfélagsins

Kannaðir möguleikar á rafvæðingu ökutækja á vegum sveitarfélagsins, einkum tækja sem að jafnaði er ekið innan við 100 km á dag.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn

**Tímasetning:** Fyrir 1. maí 2018

### MARKMIÐ

#### 8.2. Þétriðið net göngu-, hjóla- og reiðstíga

### AÐGERÐIR

##### 8.2.1. Uppbygging göngu-, hjóla- og reiðstíga

Kannaðir möguleikar á frekari uppbyggingu göngu-, hjóla- og reiðstíga í sveitarfélaginu, með sérstakri áherslu á göngustíganet milli Melahverfis, Fannahlíðar og Heiðarskólasvæðisins. Hugað sé sérstaklega að öryggisþáttum t.d. vegna annarrar umferðar.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn

**Tímasetning:** Fyrir 1. mars 2019

### MARKMIÐ

#### 8.3. Umferðaröryggi

### AÐGERÐIR

##### 8.3.1. Öruggeri vegamót og vegtengingar

Leitað verði eftir samstarfi við Vegagerðina um aðgerðir til að auka umferðaröryggi í Hvalfjarðarsveit. Í þeim efnum verði einkum lögð áhersla á uppbyggingu aðreina við Grundartanga, Hagamel, Akranesvegamót, við veg nr. 504 (Leirársveitarveg) og við veg nr. 505 (Melasveitarveg), uppsetningu lýsingar við Grundtangavegamót,

uppbyggingu Tangavegar milli Brennimels og Hvalfjarðarstrandarvegar og uppbyggingu vegar í Botnsdal m.t.t. mjög vaxandi umferðar að fossinum Glym.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn

**Tímasetning:** Fyrir 1. júlí 2018

## 9. Úrgangur

### STEFNA

Hvalfjarðarsveit verði í fararbroddi meðal íslenskra sveitarfélaga í úrgangsförvörnum og úrgangsmeðhöndlun með góða nýtingu auðlinda að leiðarljósi

### MARKMIÐ

#### 9.1. Urðun að hámarki 5% af heildarmagni úrgangs

### AÐGERÐIR/LEIÐIR

#### 9.1.1. Fræðsla um úrgangsförvarnir, flokkun og endurvinnslu

Fræðsla um úrgangsförvarnir fyrir almenning og rekstraraðila. Útbúið verði kynningarefni þar sem bent verður á leiðir til að koma í veg fyrir að úrgangur myndist, svo sem með yfirveguðum innkaupum, réttri meðferð og viðgerðum. Þá verði fjallað sérstaklega um mikilvægi flokkunar til að tryggja sem best hámarksnýtingu þeirra auðlinda sem til staðar eru í úrganginum. Þessi fræðsla getur verið hluti af reglubundnu framboði á fræðslu um umhverfismál, sjá aðgerð nr. 7.2.1.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn og umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd

**Tímasetning:** Fyrir 1. maí 2018

#### 9.1.2. Aukin flokkun og endurvinnsla

Leitað verði leiða, m.a. í samstarfi við úrgangsfyrirtæki, til að hámarka flokkun og endurvinnslu þess úrgangs sem til fellur í sveitarfélaginu. Þetta verði m.a. gert með því að auðvelda íbúum og fyrirtækjum eftir föngum að flokka úrgang, svo sem með því að bjóða áfram upp á þriggja tunnu kerfi og bæta aðgengi að flokkunargámum í nærumhverfi. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á að lífrænn úrgangur sem fellur til í sveitarfélaginu verði jarðgerður og nýttur á svæðinu og skoðað sérstaklega hvort og hvernig auka megi gæði og bæta nýtingu afurðarinnar.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn

**Tímasetning:** Fyrir 1. sept. 2018

#### 9.1.3. Bætt meðhöndlun úrgangs frá sumarbústaðasvæðum

Unnin verði samantekt um núverandi fyrirkomulag á söfnun úrgangs frá sumarbústaðasvæðum í sveitarfélaginu og lagðar fram tillögur til úrbóta, sem miða að því að aðstaða til flokkunar úrgangs, árangur flokkunar og upplýsingar um flokkun verði sambærileg því sem gerist á heimilum með fasta búsetu. Leitað verði eftir samstarfi við félög sumarbústaðaeigenda við framkvæmdina.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn

**Tímasetning:** Fyrir 1. júní 2018

## MARKMIÐ

### **9.2. Bætt nýting auðlinda**

#### **9.2.1. Samstarf um úrgangsmál á Grundartanga**

Leitað verði eftir samstarfi við Faxaflóahafnir og við fyrirtæki á athafnasvæðinu á Grundartanga um sameiginlegar lausnir í úrgangsmálum, m.a. m.t.t. iðnaðarvistfræði (e. industrial ecology / industrial symbiosis) þar sem úrgangur frá einum aðila nýtist öðrum sem hráefni. Verkefnið tengist aðgerð nr. 2.1.1.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn

**Tímasetning:** Fyrir árslok 2018

## 10. Ásýnd

### STEFNA

Ásýnd byggðarinnar í Hvalfjarðarsveit verði með því besta sem gerist á Íslandi

### MARKMIÐ

#### 10.1. Hvalfjarðarsveit orðlögð fyrir snyrtilegt yfirbragð

### AÐGERÐIR /LEIÐIR

##### 10.1.1. Úttekt á ásýnd og umhverfi Hvalfjarðarsveitar

Unnin verði úttekt á ásýnd og umhverfi Hvalfjarðarsveitar og niðurstöðurnar teknar saman í skýrslu með tillögum til úrbóta. Hluti af þessari úttekt verði samantekt um núverandi fyrirkomulag á förgun ónýtra tækja og mannvirkja í sveitarfélaginu og tillögur til úrbóta á því sviði, m.a. hvað varðar flokkun og meðhöndlun úrgangs við nýbyggingar og við niðurrif mannvirkja. Úttektin nái einnig til skilta við heimreiðir.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn og umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd

**Tímasetning:** Fyrir 1. júní 2019

##### 10.1.2. Reglulegt hreinsunarátak

Ráðist verði í hreinsunarátak í öllu sveitarfélaginu á hverju vori. Í tengslum við það aðstoði sveitarfélagið eigendur gamalla og ónýtra húsa við að rífa og fjarlægja þau sem engin not eru fyrir. Einnig leiðbeini sveitarfélagið eigendum bújarða þar sem stærri hreinsunaráttaka er þörf.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn og umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd

**Tímasetning:** Á hverju vori

##### 10.1.3. Átak í merkingum

Merkingar verði bættar í því augnamiði að gera mörk sveitarfélagsins sýnilegri og bæta ímynd þess og ásýnd. Í þessu átaki verði komið upp skiltum með merki sveitarfélagsins á sveitarfélagamörkum, þar sem vegfarendur eru boðnir velkomnir. Jafnframt verði sett upp skilti með samræmt útlit á helstu áningarstöðum þar sem slík skilti eru ekki fyrir. Haft verði samráð við landeigendur og heimafólk í þessari vinnu.

**Ábyrgð:** Sveitarstjórn og umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd

**Tímasetning:** Á hverju vori